

Gos í Eyjafjallajökli - staða 25. maí 2010 kl. 17:00.
Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Hjörleifi Sveinbjörnssyni, Teiti Arasyni og Sigrúnu Hreinsdóttur

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, vefmyndavélum, tilkynningum á vefnum um öskufall, eldingamæligögnum bresku veðurstofunnar og gervihnattamyndum.

Gosmökkur:

Hæð: Gufumökkurinn er í tæplega 2 km. Metið út frá vefmyndavél í morgunn, en ekki hefur sést til eldfjallsins undanfarna klukkutíma sökum mikils uppblásturs ösku. Norðanátt.

Stefna: Suður.

Litur: Ljós, gufa.

Gjósufall: Engar tilkynningar hafa borist af öskufalli í dag.

Eldingar: Engar eldingar hafa mælst á eldingamælum bresku veðurstofunnar.

Drunur: Engar tilkynningar.

Bræðsluvatn: Lítið vatnsrennsli er frá Gígjökli.

Aðstæður á gosstað: Ekkert sést til fjallsins í dag á vefmyndavélum sökum uppblásturs ösku umhverfis jökulinn. Uppblásturinn kom vel fram á gervitunglamyndum. Mjög slæmt skyggni er á Vatnsskarðshólum (2km) og Vestmannaeyjum (1km) sökum uppblástursins.

Órói: Óróinn hefur verið mjög svipaður síðustu þrjá dagana, en þó má sjá í honum einstaka púlsa á lægstu tíðninni (0.5-1.0 Hz).

Jarðskjálftar: Fjórir skjálftar hafa mælst frá miðnætti undir eldfjallinu, en 16 skjálftar mældust þar í gær.

GPS-aflögun: Litlar merkjanlegar færslur á GPS stöðvum við Eyjafjallajökul síðustu þrjá sólarhringa.

Heildarmat: Lítil virkni, hvít vatnsgufa steig frá eldstöðinni í morgunn, en ekki hefur sést til hennar seinnipartinn. Lélegt skyggni á Vík og Vestmannaeyjum sökum upplásturs öskunnar.